

Ráðstöfun mjólkur og inn- og útflutningur

ÞRÓUN SÖLU MJÓLKURVARA Á LIÐNUM ÁRUM

Heildarsala mjólkurvara frá aðildarfélögum SAM, mælt í kílóum og lítrum, jókst um 1,6% frá árinu 2024 til 2025, eða um 868 tonn. Aukning var í sölu flestra vöruflokka. Síðustu fjögur ár hefur sala nýmjólkur og G-mjólkur aukist, en sala hefur dregist saman á drykkjarmjólk með minna fituinnihald. Sala sýrðra mjólkurafurða jókst um 24 tonn (0,4%) frá 2024 til 2025.

Breytingar frá árinu 2024 í einstökum vöruflokkun voru þannig að í flokknum mjólk og sýrðar vörur jókst sala um 778 tonn (2,0%), í flokknum rjómi og sýrður rjómi minnkaði sala um 23 tonn (-0,7%). Sala skyr jókst um 226 tonn (6,2%) og viðbits um 24 tonn (1,0%). Sala innlendra osta minnkaði um 90 tonn (1,4%) og sala á dufti minnkaði um 46 tonn (-3,4%).

Vöruflokkurinn mjólk og sýrðar vörur inniheldur meðal annars sölu á mjólk til vinnslu í fyrirtækjum sem vinna mjólkurvörur, en eru ótengd Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði. Sala mjólkur til vinnslu hjá þessum fyrirtækjum var um 5.067 tonn árið 2025 og jókst um 5,9% milli ára.

Tafla 4. Sala mjólkurvara í lítrum og kg á liðnum árum.

| VÖRUFLOKKAR | Sala í ltr og kg | | | | | Breyting til 2025 | |
|-----------------------|------------------|------------|------------|------------|------------|-------------------|----------|
| | 2000 | 2010 | 2020 | 2024 | 2025 | frá 2010 | frá 2024 |
| Mjólk og sýrðar vörur | 46.846.306 | 46.019.573 | 38.049.294 | 38.111.368 | 38.888.341 | -15,5% | 2,0% |
| Rjómi og sýrður rjómi | 2.040.739 | 2.333.831 | 3.232.888 | 3.014.872 | 2.99.132 | 28,2% | -0,8% |
| Skyr og skyrdrykkir | 1.875.837 | 3.023.405 | 2.739.674 | 3.643.349 | 3.870.181 | 28,0% | 6,2% |
| Viðbit | 1.518.387 | 1.857.719 | 2.327.611 | 2.524.364 | 2.548.669 | 37,2% | 1,0% |
| Ostar | 3.937.832 | 5.245.193 | 5.993.589 | 6.542.805 | 6.451.899 | 23,0% | -1,4% |
| Duft | 627.966 | 702.761 | 1.144.450 | 1.360.025 | 1.314.175 | 87,0% | -3,4% |
| SAMTALS ALLS | 56.847.067 | 59.182.482 | 53.487.506 | 55.196.783 | 56.065.397 | -5,3% | 1,6% |

SALA UMREIKNUÐ Í LÍTRA MJÓLKUR MIÐAÐ VIÐ FITU OG PRÓTEIN


Sala árið 2025 umreiknuð á fitu jókst um 1,2% frá fyrra ári og var 152,2 milljónir lítra. Sala umreiknuð á próteini árið 2025 var 131,9 milljón lítrar og minnkaði milli ára um 0,5%.

Frá árinu 2013 hefur sala á fitugrunni verið meiri en sala á próteingrunni. Árið 2025 var mismunur sölu á fitu- og próteingrunni um 20,3 millj. lítra. Mismunurinn sýnir að nú þarf um 20,3 milljónum lítra meira af mjólk til að svara eftirspurn eftir fituríkari mjólkurafurðum heldur en þarf til að svara eftirspurn eftir próteinríkari afurðum. Til að tryggja nægt framboð af öllum vörum árið 2025 þurftu aðildarfélög SAM þess vegna að kaupa 20,3 milljónum lítrum meira af mjólk heldur en þörf var fyrir vegna innlendra eftirspurnar ef mælt væri á próteingrunni eingöngu.

Mismuni á sölu á fitu- og próteingrunni er ekki hægt að mæta með öðrum leiðum en útflutningi á afurðum úr þeim efnabætti sem minna selst af innanlands. Verð á útflutningsmörkuðum eru lág og skila ekki nægum tekjum til að aðildarfélög SAM geti skilað bændum lögbundnu lágmarksverði fyrir mjólk sem notuð er til framleiðslu á mjólkurvörum sem seldar eru erlendis.


Til að tryggja nægjanlegt framboð allt árið af innlendum mjólkurafurðum og greiðslu á lögbundnu lágmarksverði fyrir mjólk þurfa aðildarfélög SAM þess vegna að bera tap af útflutningi vegna mismunar á eftirspurn á fitu- og próteinhluta. Önnur fyrirtæki sem framleiða mjólkurafurðir á Íslandi þurfa ekki að bera þennan kostnað.

Umreiknað á fitu var sala á ferskvörum 36,0% af heildarsölu mjólkurvara árið 2025 og hækkaði um 0,3 prósentustig frá árinu 2024. Heildarhlutur birgðavara (viðbit, ostur og duft) í umreiknaðri sölu miðað við fitu árið 2025 var 64,0%. Breyting milli ára var innan við eitt prósentustig í öllum vöruflokkum.



Mynd 4. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við fitu árið 2025.

Umreiknað á prótein var sala á ferskvörum 2025 hækkaði í 45,7% af heildarsölu mjólkurvara og hlutur birgðavara í sölu lækkaði á móti í 54,3%. Breytingin skýrist af minnkandi hlut mjólkur en auknum hlut osta.




Mynd 5. Hlutfallsleg skipting á sölu mjólkur milli vöruflokka miðað við prótein árið 2025.

Frá 1993 til 2017 jókst sala á innlendum birgðavörum jafnt og þétt, hvort sem litið er til heildarsölu eða sölu á hvern íbúa. Frá 2017 til 2021 hélt heildarsala birgðavara nokkuð jöfn í magni, en þar með minnkaði salan nokkuð á hvern íbúa. Frá 2022 hefur sala birgðavara aftur aukist í takt við fjölgun íbúa.

Sala innlendra osta náði hámarki á hvern íbúa árið 2016 en dróst saman um rúm tvö kíló á mann til 2020. Frá 2020 hefur sala innlendra osta á hvern íbúa verið 16,9-17,3 kg á mann. Skýringar þessara breytinga eru meðal annars aukinn innflutningur erlendra osta.

Þegar þróun sölu frá árinu 1993 er skoðuð kemur í ljós að sala birgðavara hefur aukist samtals um 93%, en á sama tíma hefur sala ferskvara minnkað um 17%. Til samanburðar hefur íbúum Íslands fjölgað um

46% á sama tíma. Rétt er að taka fram að til framleiðslu á hverju kíló af birgðavörum þarf marga lítra mjólkur (t.d. þarf um 10 lítra af mjólk í hvert kíló af osti og um 21 lítra af mjólk í hvert kíló af smjöri). Aukin sala birgðavara síðustu áratuga hefur leitt af sér um 54% aukningu á heildarsölu mjólkur frá íslenskum kúabúum til íslenskra afurðastöðva. Það er aukning úr tæpum 100 milljónum lítra í um 152 milljónir lítra. Mynd 6 hér fyrir neðan sýnir þróun innvigtunar og sölu frá 1993 til 2025.



Mynd 6. Þróun mjólkurframleiðslu (innvigtunar) og sölu mjólkurafurða á Íslandi 1994-2025

HEILDARSALA UMREIKNUÐ Á FITU OG PRÓTEIN

Vegna neyslubreytinga breyttist hlutfall á milli sölu reiknaða á fitugrunni og próteingrunni síðustu tvo áratugi, þó einkum á árunum frá 2012 til 2019. Árið 2012 var sala á fitugrunni 1,3 milljónum lítra lægri en á próteingrunni, en fram til 2019 jókst sala á fitugrunni hratt og það ár var sala á fitugrunni orðin 20,7 milljónum lítra hærri en sala á próteingrunni.

Frá 2017 til 2020 dróst sala á próteingrunni saman, ekki síst vegna aukins innflutnings osta, frá 2020 til 2024 jókst sala á próteingrunni á ný og árið 2025 var salan aðeins minni en 2024. Mismunur sölu á fitu- og próteingrunni hækkaði úr 17,8 milljónir lítra árið 2024 í 20,3 milljónir lítra árið 2025, sú þróun er óhagstæð fyrir mjólkuriðnaðinn.

Yfirlit sölu mjólkurafurða reiknað á fitu- og próteingrunn frá árinu 2004 til 2025 er birt í töflu 5 á næstu blaðsíðu.

Tafla 5. Sala almanaksáranna 2004 til 2024 umreiknuð í lítra mjólk miðað við fitu og prótein.

| Ár | Sala umreiknuð í lítra mjólkur | | Mismunur a) - b) |
|--------------------------|--------------------------------|-----------------|---------------------|
| | a) m.v. fitu | b) m.v. prótein | |
| 2004 | 98.649.788 | 109.538.183 | -10.888.395 |
| 2005 | 100.768.328 | 112.315.513 | -11.547.185 |
| 2006 | 103.870.701 | 113.207.615 | -9.336.914 |
| 2007 | 108.695.040 | 114.880.974 | -6.185.088 |
| 2008 | 112.296.910 | 117.119.187 | -4.822.277 |
| 2009 | 115.578.564 | 117.667.979 | -2.089.415 |
| 2010 | 110.657.216 | 114.696.290 | -4.039.074 |
| 2011 | 111.489.161 | 113.692.483 | -2.203.322 |
| 2012 | 114.143.061 | 115.455.991 | -1.312.930 |
| 2013 | 120.802.939 | 117.625.945 | 3.176.994 |
| 2014 | 128.967.850 | 121.183.320 | 7.784.530 |
| 2015 | 132.832.674 | 122.629.610 | 10.203.064 |
| 2016 | 139.204.556 | 129.032.673 | 10.171.883 |
| 2017 | 145.113.569 | 132.051.453 | 13.062.116 |
| 2018 | 144.778.867 | 129.491.804 | 15.287.063 |
| 2019 | 146.984.651 | 126.248.446 | 20.736.205 |
| 2020 | 142.778.851 | 122.454.533 | 20.324.318 |
| 2021 | 144.292.096 | 123.635.536 | 20.656.560 |
| 2022 | 147.203.455 | 127.997.303 | 19.206.152 |
| 2023 | 148.505.671 | 131.095.895 | 17.409.776 |
| 2024 | 150.371.028 | 132.580.049 | 17.790.979 |
| 2025 | 152.238.356 | 131.915.062 | 20.323.294 |
| Breyting frá 2023 | 1,2% | -0,5% | 14,2% |

SALA DRYKKJARMJÓLKUR

Heildarsala á drykkjarmjólk (nýmjólk, léttmjólk, undanrennu og fjörmjólk) var 21,1 milljónir lítra árið 2025 og jókst um 1,3% frá árinu 2024. Sala á drykkjarmjólk hjá aðildarfélögum SAM hefur minnkað um 10,6 milljónir lítra frá árinu 2010, eða um 33,6%.

Tafla 6. Þróun sölu drykkjarmjólkur 1995 til 2024.

| Vörutegundir | 1995 | 2010 | 2020 | 2024 | 2025 | Breyting frá 2010 | Breyting frá 2023 |
|----------------------|-----------------------|------------|------------|------------|------------|-------------------|-------------------|
| | Drykkjarmjólk, lítrar | 39.742.732 | 31.734.388 | 22.400.119 | 20.801.518 | 21.081.092 | -34% |
| SAMTALS m.v. fitu | 27.309.015 | 18.782.886 | 15.424.972 | 15.364.861 | 15.701.743 | -16% | 2,2% |
| SAMTALS m.v. prótein | 41.334.135 | 32.850.555 | 23.649.885 | 21.607.991 | 21.320.400 | -35% | -0,5% |

INNFLUTNINGUR

Innflutningur mjólkurvara var 1.512 tonn árið 2025 og jókst um rúm 109 tonn frá 2024. Innflutningur á ferskum vörum jókst um 90 tonn, innflutningur á dufti um 7 tonn og innflutningur osta um 9 tonn. Árið 2025 nam innflutningur osta um 16% af sölu innlendra osta. Í magni hefur innflutningur osta aukist um rúmlega 687 tonn frá árinu 2016, þegar sala innfluttra osta var 5,1% af sölu innlendra osta. Hlutfall erlendra osta af sölu á Íslandi hefur þannig rúmlega þrefaldast frá 2016 í kjölfarið á nýjum tollasamningi sem veitti aukinn aðgang að tolllausum innflutningi osta til Íslands.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði áætla á hverju ári hvað mikla mjólk þarf til framleiðslu á innfluttum mjólkurvörum. Á próteingrunni reiknaðist innflutningur árið 2025 um 10,7 milljónir lítra á próteingrunni og um 7,3 milljónir lítra á fitugrunni.

Aukning á innflutningi á fitu- og próteingrunni frá 2024 til 2025 er um 2,5% á fitugrunni og 2,0% á próteingrunni.

Tafla 7. Innflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2025, tonn.

| Vöruflokkur | 1995 | 2000 | 2020 | 2024 | 2025 | Breyting frá 2015 | Breyting frá 2024 |
|----------------|-----------|------------|------------|--------------|--------------|-------------------|-------------------|
| Ferskvörur | 10 | 394 | 264 | 341 | 431 | 376 | 90 |
| Smjör | 0 | 0 | 4 | 5 | 9 | 9 | 4 |
| Ostur | 42 | 162 | 645 | 1.003 | 1.012 | 747 | 9 |
| Duft | 0 | 0 | 19 | 54 | 60 | 55 | 6 |
| SAMTALS | 52 | 556 | 931 | 1.403 | 1.512 | 1.187 | 109 |

Heimild: Útflutningsskýrslur Hagstofu Íslands og útreikningar SAM.

ÚTFLUTNINGUR

Mikil aukning varð á útflutningi mjólkurafurða frá 2023 til 2025. Útflutningurinn jókst um 1.919 tonn, einkum vegna aukins útflutnings á skyri til Evrópu. Útflutningur á skyri varð alls 4.403 tonn, en á móti minnkaði útflutningur á osti um 84 tonn og útflutningur á undanrennudufti minnkaði um 10 tonn. Um 76 tonn af smjöri voru seld erlendis vegna útflutningsskyldu sem samsvara mótttekinni mjólk umfram heildargreiðslumark. Umreiknað á próteingrunn samsvarar útflutningur um 26 millj. lítra 2025, sem er aukning um 4,7 millj. lítra milli ára. Á fitugrunni reiknast útflutningur um 3 millj. lítra árið 2024 en um 2,8 millj. lítra árið 2025.

Allur útflutningur á smjöri er vegna framleiðslu mjólkur umfram greiðslumark, en meirihluti útflutnings á próteingrunni er vegna misvægis í sölu á fitu og próteini innanlands.

Tafla 8. Útflutningur mjólkurvara á árunum 1995 til 2024, tonn.

| Vöruflokkur | 1995 | 2015 | 2023 | 2024 | 2025 | Breyting frá 2015 | Breyting frá 2024 |
|----------------|-----------|--------------|--------------|--------------|--------------|-------------------|-------------------|
| Ferskvörur | 0 | 994 | 9 | 159 | 947 | -47 | 788 |
| Viðbit | 89 | 0 | 22 | 98 | 77 | 77 | -21 |
| Skyr | 0 | 0 | 1.384 | 3.156 | 4.403 | 4.403 | 1.247 |
| Ostur | 0 | 2 | 860 | 734 | 650 | 648 | -84 |
| Duft | 0 | 495 | 370 | 30 | 20 | -475 | -10 |
| SAMTALS | 89 | 1.491 | 2.645 | 4.177 | 6.097 | 4.606 | 1.920 |


BIRGÐIR VIÐBITS, OSTA OG DUFTS

Heildarbirgðir mjólkurvara í landinu lækkuðu um 35 tonn árið 2025. Ostabirgðir minnkuðu um 13 tonn og duftbirgðir minnkuðu um 115 tonn. Smjörbirgðir jukust um 93 tonn og voru 496 tonn í árslok. Birgðir af dufti voru 142 tonn í árslok 2025 og birgðir af ostum 1.479 tonn.

Birgðir mjólkurvara hjá aðildarfélagum SAM í landinu miðast að jafnaði við að mögulegt sé að tryggja nægt framboð af öllum mjólkurafurðum allt árið, til að mæta sveiflum í framleiðslu og eftirspurn. Sala á viðbiti er að jafnaði 212 tonn á mánuði og birgðir í árslok 2025 námu því ríflega tveggja mánaða sölu. Sala á dufti

er um 109 tonn á mánuði og birgðir nema því rúmlega mánaðar sölu. Sala á osti er um 538 tonn á mánuði og birgðir nema því tæplega þriggja mánaða sölu.

Við mat á birgðum osta er nauðsynlegt að benda á að ostur er lifandi vara og hluti af framleiðsluferli osta er geymsla þeirra við ákveðin hitastig áður en þeir eru tilbúnir til neyslu. Til að unnt sé að tryggja nægt framboð osta sem eru tilbúnir til neyslu hverju sinni, eru lágmarks birgðir osta um 1.500 tonn miðað við mánaðarlega sölu árið 2025. Til skýringa á birgðum osta í lok árs 2020 er rétt að minna á að birgðir osta voru þá óvenju miklar vegna sölutregðu af völdum heimsfaraldurs Covid-19.



Mynd 7. Þróun birgðastöðu á viðbiti, ostum og dufti á árunum 2000 til 2025.

SALA, BIRGÐIR OG ÚTFLUTNINGUR MIÐAÐ VIÐ FITU

Hækkun birgða árið 2025 var 6,9% miðað við fitu, eða sem nemur um 1,5 millj. lítrum. Útflutningur nam um 2,7 milljónum lítra á fitugrunni og minnkaði um 0,3 milljónir lítra frá fyrra ári.

Tafla 9. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 2010 til 2025 umreiknað í lítra af mjólk miðað við fitu.

| Ár | Umreiknað í lítra mjólk m.v. fitu | | | | | |
|--------------------------|-----------------------------------|----------------|----------------|---------------|---------------|----------------|
| | Birgðir í upphafi | Innvegin mjólk | Seldar afurðir | Útflutningur | Birgðir í lok | Mismunur |
| 2010 | 12.766.209 | 123.178.275 | 110.657.216 | 11.111.916 | 14.255.427 | -80.075 |
| 2011 | 14.255.427 | 124.462.110 | 111.489.161 | 11.879.927 | 15.317.232 | 31.217 |
| 2012 | 15.317.232 | 125.092.988 | 114.143.061 | 13.547.255 | 11.636.267 | 1.083.637 |
| 2013 | 11.636.267 | 122.913.961 | 120.802.939 | 2.048.961 | 8.390.204 | 3.308.124 |
| 2014 | 8.560.088 | 133.513.735 | 128.967.850 | 762.410 | 11.112.828 | 1.230.735 |
| 2015 | 11.112.828 | 146.034.433 | 132.832.674 | 144.353 | 22.970.399 | 1.199.834 |
| 2016 | 22.970.399 | 150.322.481 | 139.204.556 | 11.535.614 | 20.861.432 | 1.691.278 |
| 2017 | 21.254.260 | 151.116.865 | 145.113.569 | 3.400.734 | 22.696.395 | 1.160.427 |
| 2018 | 22.676.923 | 152.408.980 | 144.778.867 | 7.360.924 | 22.425.317 | 520.795 |
| 2019 | 22.425.317 | 151.838.668 | 146.984.651 | 4.944.228 | 23.187.874 | -852.767 |
| 2020 | 22.865.745 | 151.180.148 | 142.778.851 | 5.480.364 | 26.097.624 | -310.946 |
| 2021 | 26.097.624 | 148.827.748 | 144.292.096 | 6.546.735 | 21.077.503 | 3.009.038 |
| 2022 | 21.267.678 | 147.966.914 | 147.203.455 | 2.933.066 | 19.612.363 | -514.292 |
| 2023 | 19.402.088 | 151.423.108 | 148.505.671 | 1.064.851 | 21.969.386 | -714.712 |
| 2024 | 21.969.386 | 153.559.445 | 150.371.028 | 3.030.106 | 21.224.376 | 903.321 |
| 2025 | 21.467.256 | 157.767.386 | 152.238.356 | 2.760.718 | 22.694.684 | 540.884 |
| Breyting frá 2024 | -2,3 % | 2,1 % | 1,2 % | -8,9 % | 6,9 % | -40,1 % |

SALA, BIRGÐIR OG ÚTFLUTNINGUR MIÐAÐ VIÐ PRÓTEIN

Birgðir umreiknaðar í lítra mjólkur miðað við prótein lækkuðu um 6,1% árið 2025. Útflutningur nam 25,7 milljónum lítra á próteingrunni sem var aukning um 22,3% frá fyrra ári.

Tafla 10. Framleiðsla og ráðstöfun mjólkur árin 2010 til 2025 umreiknað í lítra af mjólk miðað við prótein.

| Ár | Umreiknað í lítra mjólk m.v. prótein | | | | | |
|--------------------------|--------------------------------------|----------------|----------------|---------------|---------------|----------------|
| | Birgðir í upphafi | Innvegin mjólk | Seldar afurðir | Útflutningur | Birgðir í lok | Mismunur |
| 2010 | 19.793.402 | 123.178.275 | 114.696.290 | 8.635.410 | 20.656.645 | -1.016.668 |
| 2011 | 20.656.645 | 124.462.110 | 113.692.483 | 10.665.406 | 21.794.533 | -1.033.667 |
| 2012 | 21.794.533 | 125.092.988 | 114.455.991 | 13.504.866 | 17.366.590 | 560.074 |
| 2013 | 17.366.590 | 122.913.961 | 117.625.945 | 5.758.562 | 13.137.335 | 3.758.709 |
| 2014 | 13.361.308 | 133.513.735 | 121.183.320 | 4.807.970 | 20.878.743 | 5.010 |
| 2015 | 20.878.743 | 146.034.433 | 122.629.610 | 9.459.853 | 33.982.442 | 841.272 |
| 2016 | 33.982.442 | 150.322.481 | 129.032.673 | 24.077.984 | 27.359.049 | 3.835.217 |
| 2017 | 20.008.431 | 151.116.865 | 132.051.453 | 17.002.229 | 29.366.248 | 705.366 |
| 2018 | 29.373.231 | 152.408.980 | 129.491.804 | 22.839.883 | 28.017.046 | 1.433.478 |
| 2019 | 28.017.046 | 151.838.668 | 126.248.446 | 22.499.704 | 29.684.595 | 1.422.969 |
| 2020 | 29.916.732 | 151.180.148 | 122.454.533 | 22.653.329 | 36.102.322 | -113.304 |
| 2021 | 36.102.322 | 148.827.748 | 123.635.536 | 31.814.571 | 27.677.298 | 1.802.665 |
| 2022 | 27.800.118 | 147.966.914 | 127.997.303 | 24.938.908 | 23.662.983 | -832.162 |
| 2023 | 23.381.210 | 151.423.108 | 131.095.895 | 21.039.072 | 22.687.516 | -18.165 |
| 2024 | 22.687.516 | 153.559.445 | 132.580.049 | 21.002.446 | 22.733.434 | -68.968 |
| 2025 | 22.515.887 | 156.767.386 | 131.915.062 | 25.684.210 | 21.353.951 | 330.050 |
| Breyting frá 2024 | -0,8 % | 2,1 % | -0,5 % | 22,3 % | -6,1 % | 578,6 % |